

## Samþykkt

65

um breytingá lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg, staðfestri 15. nóv. 1890 20. maí

29. grein lögreglusamþykktarinnar orðist þannig:

»Sauðfjenaður bæjarmanna má eigi ganga laus um bæinn frekar en nauðsynlegt er til að reka hann úr og í haga eða fjöru eða til vatns. Engan sauðfjenað má hafa á beit í landi bæjarins fyrir vestan línu úr Fossvogshotni í austurtakmörk Kringlumýrar og Fúlutjarnarlæk frá 1. maí til 20. september, en fyrir austan tjeða línu er bæjarmönnum heimil beit fyrir sauðfjenað sinn á nefndu tímabili, sje honum haldið í öruggri vörzlu, og á öðrum tíma árs í öllu beitalandi bæjarins.

\*

\*

\*

Sankvæmt lögum nr. 1. 3. jan. 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina staðfestist beytingarsamþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Reykjavíkur 3. þ. m. og samþykkt af hlutaðeigandi amtmanni, og skal breytingin öðlast gildi þegar í stað.

Reykjavík, 21. maí 1895.  
Landshöfðingi yfir Íslandi  
**Magnús Stephensen.**

*Hannes Hafstein.*

## Reikningur

57

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til Svarfaðardalshrepps  
1893—1894.

### Tekjur:

|                                                                                                     |             | Kr.  | A. |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|------|----|
| 1. Eign í fardögum 1893:                                                                            |             |      |    |
| a. Í fasteignum . . . . .                                                                           | 2310 00     |      |    |
| b. Í ógoldnum leigum og landsskuld af 1/2 Gloppu 1882—83                                            | 19 75       | 2329 | 75 |
| 2. Afgjöld:                                                                                         |             |      |    |
| a. Leigur haustið 1893 eptir 4 1/4 kúgildi 85 meðalálnir eptir verðlagsskrá 1893—94 á 46 a. . . . . | 39 10       |      |    |
| b. Landsskuld í fardögum 1894, 201 1/2 meðalálnir eptir verðlagsskrá 1894—95 á 46 a. . . . .        | 92 69       | 131  | 79 |
|                                                                                                     | Samtals kr. | 2461 | 54 |

### Gjöld:

|                                                            |             |         |
|------------------------------------------------------------|-------------|---------|
| 1. Umboðslaun 1/6 af hinum innheimtu gjöldum . . . . .     | 21          | 96      |
| 2. Borgað sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps . . . . .       | 109         | 83      |
| 3. Eign í fardögum 1894:                                   |             |         |
| a. Í fasteign . . . . .                                    | 2310        | 00      |
| b. Í ógoldnum leigum og landsskuld af 1/2 Gloppu . . . . . | 19          | 75      |
|                                                            | Samtals kr. | 2461 54 |

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 15. janúar 1895.

*Páll Briem. Davíð Guðmundsson.*

21. dag maímán. 1895.